

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar getraunir nr. 543 13. október 1995.

#### 1. gr.

2. mgr. 31. gr. orðist svo:

A.m.k. tveimur leikjum í hverri ágiskun skal hafa lokið innan umferðar, annars fellur getraunin niður og þáttökugjald er endurgreitt. Undantekning frá þessu er ef einn leikur stendur eftir og sá leikur er boðinn sem stakur (sérmerkt S í leikskrá) ræður sá leikur útkomu getraunarinnar.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um getraunir nr. 59 29. maí 1972, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. júní 2002.*

**Sólveig Pétursdóttir.**

*Björn Friðfinnsson.*

## REGLUGERÐ

### um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2002.

#### 1. gr.

Á fjárhæðir tekjutryggingar og tekjutryggingarauka skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og fjárhæð heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skal greiða uppbætur sem hér segir á árinu 2002:

- a) Í júlí 2002 20% uppbót á þessar fjárhæðir vegna orlofsuppbótar.
- b) Í desember 2002 30% uppbót á þessar fjárhæðir vegna desemberuppbótar.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr., sbr. 65. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerðir nr. 388/1997, nr. 341/1998, nr. 425/1999, nr. 438/2000 og nr. 466/2001.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. júní 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Guðríður Þorsteinsdóttir.*